

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 20. nóvember 2013 í máli nr. K-4/2013:

Applicon ehf.

(Hjördís Halldórsdóttir hrl.)

gegn

embætti sérstaks saksóknara

(Finnur Þór Vilhjálmsson hdl.)

Þetta mál var þingfest 13. september sl. og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 23. október sl. Sóknaraðili er Applicon ehf., Borgartúni 37, Reykjavík, en varnaraðili er embætti sérstaks saksóknara samkvæmt lögum nr. 135/2008, Skúlagötu 17, Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess í fyrsta lagi að felld verði úr gildi synjun sýslumannsins í Reykjavík frá 20. ágúst 2013, um að leggja lögban við því að varnaraðili noti með ólögætum hætti viðskiptamannakerfi sóknaraðila, þau er nefnd hafa verið *Applicon kröfukerfi*, *Applicon laun*, *Applicon veiðiferðalausn* og *Applicon bankatengingar*, og að varnaraðila verði gert að eyða þeim afritum sem hann hefur undir höndum af þessum viðskiptamannakerfum, þ. á m. frumkóða þeirra.

Í öðru lagi krefst sóknaraðili þess að lagt verði fyrir sýslumanninn í Reykjavík að leggja lögban við því að varnaraðili noti með ólögætum hætti viðskiptamannakerfi sóknaraðila, þau er nefnd hafa verið *Applicon kröfukerfi*, *Applicon laun*, *Applicon veiðiferðalausn* og *Applicon bankatengingar*, og að varnaraðila verði gert að eyða þeim afritum sem hann hefur undir höndum af þessum viðskiptamannakerfum, þ. á m. frumkóða þeirra.

Þá krefst sóknaraðili þess að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá dómi. Til vara krefst varnaraðili staðfestingar á ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 20. ágúst 2013 um að synja lögbannsbeiðni sóknaraðila. Loks krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Málið var flutt í einu lagi um kröfu varnaraðila um frávísun málsins og um efni málsins.

Málavextir

Með úrskurðum Héraðsdóms Reykjavíkur 24. og 27. mars 2012 var Seðlabanka Íslands veitt heimild til húsleitar og haldlagningar muna og gagna hjá X hf. og tengdum félögum, sem og hjá tölvufyrirtækinu Y hf., vegna rannsóknar á ætluðu broti gegn lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál og reglum samkvæmt þeim. Úrskurðarorð úrskurðarins 27. mars 2012 kvað á um að Y hf. væri „skylt að afhenda Seðlabanka Íslands, til haldlagningar og afrita öll gögn af sameiginlegum svæðum X hf. [...] og tengdra félaga, heimasvæðum, bókhaldskerfi SAP og öllum tölvupósti, ásamt viðhengjum [...]“. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar Íslands sem vísaði málinu frá með dómi 2. apríl 2012 í máli nr. 215/2012, þar sem rannsóknarathafnirnar höfðu þá þegar farið fram.

X hf. og hin tengdu félög báru lögmati þessara aðgerða undir héraðsdóm 4. apríl 2012 og kröfðust þess einnig að Seðlabanka Íslands yrði gert að afhenda haldlögð og afrituð gögn og eyða öllum afritum þeirra. Úrskurður héraðsdóms, sem hafnaði öllum kröfum, var kærður til Hæstaréttar sem með dómi 30. maí 2012 í máli nr. 357/2012 vísaði frá héraðsdómi kröfu um að Seðlabanka Íslands yrði gert að hætta rannsókn sinni á ætluðum brotum X hf. og aðila, tengdum honum, á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, enn fremur kröfu um að haldlagning í starfstöð Y hf. 27. mars 2012 á grundvelli dómsúrskurðar þann sama dag yrði dæmd ólögmæt, en að öðru leyti var úrskurður héraðsdóms staðfestur.

Við húsleitina afritaði Y hf. SAP-bókhaldskerfið í heild sinni á harðan disk tölvu og afhenti Seðlabankanum tölvuna. Með bókhaldskerfinu voru einnig afrituð viðskiptamannakerfi sóknaraðila, sem heita *Applicon kröfukerfi*, *Applicon laun*, *Applicon veiðiferðalausn* og *Applicon bankatengingar*, sem var að finna í SAP-bókhaldskerfinu. Í bókhaldskerfinu mátti finna bókhaldsgögn X hf. og tengdra félaga, en einnig annarra lögaðila en fyrrnefndir úrskurðir Héraðsdóms Reykjavíkur náðu til. Aðgangi að gögnum þessara annarra aðila var stýrt, afritunum var læst og þau ekki aðgengileg.

Seðlabanki Íslands óskaði eftir því við lögmann X hf. að honum yrði afhent aðgangsorð til að opna framangreindar skrár, sem höfðu verið læstar. Hinn 13. ágúst 2012 mun Seðlabanki Íslands hafa öðlast aðgang að þessum skráum og einnig fengið fullan aðgang að viðskiptamannakerfum sóknaraðila. Hinn 27. ágúst 2012 mun Seðlabanki Íslands hafa tilkynnt X hf. að aðstoð fyrirtækisins hefði reynst óþörf þar sem starfsmenn Seðlabankans hefðu virkjað svokallaðan varaaðgang að bókhaldskerfinu og þannig fengið aðgang að hinum læstu skráum.

Hinn 28. september 2012 höfðuðu X hf. og tengd félög mál á hendur Seðlabanka Íslands og kröfðust úrskurðar um að rannsóknaraðgerð varnaraðila, sem fólst í þeirri aðgerð að „brjótast inn“ á lokuð svæði á þeirri tölvu er afhent var í

tengslum við haldlagningu gagna hjá Y hf. dagana 27. til 31. mars 2012, hafi verið ólögmat. Jafnframt að Seðlabanka Íslands yrði gert að loka aftur fyrir aðgang að gögnum sem aflað var með framangreindum hætti og eyða öllum afritum sem kynnu að hafa verið gerð af gögnum á hinu lokaða svæði tölvunnar. Með úrskurði héraðsdóms 19. október 2012 var vísað frá dómi kröfu sóknaraðila um að viðkomandi rannsóknaraðgerð yrði úrskurðuð ólögmat en hafnað kröfu þeirra um lokun fyrir aðgang að gögnum sem þannig var aflað og eyðingu afrita þeirra. Í úrskurði héraðsdóms sagði m.a.: „Heimild varnaraðila samkvæmt fyrrgreindum dómsúrskurði náði til þess að afrita bókhaldskerfið í heild, en í því kerfi reyndist vera fært bókhald X hf. og annarra sóknaraðila í málinu. Ekki var þörf sérstaks dómsúrskurðar til athugunar gagna sem afrituð höfðu verið samkvæmt þeim úrskurði sem lá fyrir. Breytir engu þar um þótt starfsmenn tölvufyrirtækisins, sem önnuðust afritun bókhaldskerfisins, hafi lokað aðgangi að lykllum sem geymdu bókhald annarra sóknaraðila en X hf.“ Með dómi 30. október 2012 í máli nr. 659/2012 staðfesti Hæstiréttur úrskurð héraðsdóms. Sama niðurstaða varð í máli sem tvö félög tengd X hf. höfðu gegn Seðlabanka Íslands og lauk með dómi Hæstaréttar 22. apríl sl. í máli nr. 206/2013.

Í kjölfar fyrrnefnds dóms Hæstaréttar í máli nr. 659/2012 krafðist sóknaraðili þess að Seðlabanki Íslands hætti án tafar allri notkun á SAP-viðskiptahugbúnaðinum og að bankinn eyddi því afriti sem hann hafði undir höndum. Í kjölfarið áttu sér stað frekari bréfaskipti milli sóknaraðila og Seðlabanka Íslands.

Hinn 10. apríl sl. barst varnaraðila kæra frá Seðlabanka Íslands á hendur X hf. og tengdum félögum vegna ætlaðra brota gegn lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál og reglum um gjaldeyrismál í rekstri félaganna. Málið var endursent Seðlabankanum 28. ágúst sl. með vísan til 6. mgr. 16. gr. b laga nr. 87/1992. Varnaraðila barst á ný kæra frá Seðlabankanum 9. september sl. vegna sömu atvika en nú á hendur nánar tilgreindum einstaklingum sem tengjast X hf. og tengdum félögum. Sú kæra er nú til meðferðar hjá varnaraðila.

Sóknaraðili og varnaraðili deila um það hvernig Seðlabanki Íslands fékk aðgang að hinum læstu skrá. Sóknaraðili byggir á því að seðlabankinn hafi brotist inn í hugbúnaðinn og opnað jafnframt fyrir fullan aðgang að viðskiptamannakerfum sóknaraðila, þ. á m. að forritunarham kerfanna þar sem frumkóða kerfanna sé að finna. Að sögn sóknaraðila er slíkur aðgangur undir eðlilegum kringumstæðum ekki aðgengilegur öðrum en sóknaraðila sjálfum. Varnaraðili fullyrðir að Seðlabanki Íslands hafi fengið aðgang að kerfinu með því að eyða svokölluðum ofurnotanda (e. Super user), SAP*, sem hafi aðgang að öllum gögnum í hinum miðlæga gagnagrunni og hafi heimildir til þess að framkvæma allar mögulegar aðgerðir, þ.m.t. að búa til nýja notendur að kerfinu og sýsla með aðgangsheimildir notenda að kerfinu. Þetta hafi Seðlabankinn gert í samræmi við leiðbeiningar frá framleiðanda kerfisins sjálfs sem séu opinberar á netinu á tiltekinni vefslóð. Þessi aðgerð feli ekki í sér nein afskipti af forritunarham eða frumkóðum kerfisins né verði séð að þessi aðgerð geti opnað fyrir slíkan aðgang.

Sóknaraðili lagði fram kröfu 10. júní sl. um lögbann gegn Seðlabanka Íslands, sbr. lögbannsgerð nr. L-13/2013. Sýslumaðurinn í Reykjavík hafnaði kröfunni 28. júní sl. á þeim grundvelli að rannsókn Seðlabanka Íslands væri lokið og að öll gögn hefðu verið send varnaraðila í apríl sl. Seðlabanki Íslands hefði því

ekki lengur afrit af viðskiptamannakerfum sóknaraðila né aðgang að frumkóðum þeirra. Í kjölfarið lagði sóknaraðili fram kröfu um lögbann gegn varnaraðila 26. júlí sl. Með bréfi dags. 20. ágúst sl. synjaði sýslumaður um lögbann af sjálfsdáðum á þeim grundvelli að lögbann yrði ekki lagt á stjórnarathöfn þess sem fer með framkvæmdavald ríkis eða sveitarfélaga, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Hinn 26. ágúst sl. tilkynnti sóknaraðili sýslumanni að krafist yrði úrlausnar héraðsdómara og með bréfi móttæknu 3. september sl. fór sóknaraðili þess á leit við Héraðsdóm Reykjavíkur að felld yrði úr gildi framangreind ákvörðun sýslumanns um að synja lögbannsbeiðni hans.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila

Við munnlegan flutning málsins hafnaði sóknaraðili frávísunarkröfu varnaraðila. Sóknaraðili byggir á því að við túlkun 2. mgr. 88. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl., beri að líta til almennra reglna einkamálaréttarfars. Í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sé mælt fyrir um bindandi áhrif dóma, sem nefnist res judicata. Fyrri dómur sé ekki bindandi nema á milli sömu aðila. Þá hafi fyrri mál sem varnaraðili vísi til ekki lotið að þessu sakarefni. Gera verði skýran greinarmun á gögnum og hugbúnaði.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á því að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík, þess efnis að hafna lögbannskröfu á þeim grundvelli að um stjórnarathöfn varnaraðila sé að ræða sem ekki verður lagt lögbann við á grundvelli 2. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1991, standist ekki lög.

Ekki stjórnarathöfn í skilningi 2. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990

Sóknaraðili vísar til þess að í frumvarpi því sem varð að fyrrgreindum lögum, segi í athugasemdum við 2. mgr. 24. gr. að miðað sé við að lögbann verði ekki lagt við töku stjórnvaldsákvörðunar eða við framkvæmd hennar. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 sé það stjórnvaldsákvörðun þegar stjórnvald kveður einhliða á um rétt og/eða skyldu tiltekins aðila í ákveðnu máli í skjóli stjórnarsýsluvalds.

Sóknaraðili dragi ekki í efa að haldlagning á gögnum X hf. á grundvelli úrskurða héraðsdóms hafi verið stjórnarathöfn. Sóknaraðili efist heldur ekki um að ákvörðun sérstaks saksóknara um hvort kæra eigi X hf. fyrir brot á lögum um gjaldeyrismál eða ekki sé stjórnarathöfn. Krafa sóknaraðila lúti ekki að því hvort lögbann verði lagt við þessum athöfnum, heldur snúist eingöngu um notkun á hugbúnaði sóknaraðila.

Notkun á SAP-hugbúnaðinum og viðskiptamannakerfum sóknaraðila sé ekki nauðsynleg til þess að skoða bókhaldsgögn X hf. og tengdra félaga eða til að taka ákvörðun um framhald málsins og geti því með engum hætti talist hluti af stjórnarathöfn varnaraðila. Bókhaldsgögnin sjálf séu allt annar hlutur en SAP-hugbúnaðurinn, sem gögnin voru vistuð og keyrð á, sem og viðskiptamannakerfi

sóknaraðila sem voru hluti af SAP-hugbúnaðinum og stoðkerfi við hann.

Ákvörðun stjórnvalds um að nota og kaupa tiltekinn tölvuhugbúnað teljist ekki stjórnvaldsákvörðun, heldur ákvörðun einkaréttarlegs eðlis. Með sama hætti sé notkun og afritun á SAP-hugbúnaðinum og viðskiptamannakerfum sóknaraðila einkaréttarleg ákvörðun. Hefðu Seðlabanki Íslands og varnaraðili ekki nýtt þennan hugbúnað hefðu þeir þurft að nýta annan hugbúnað.

Sóknaraðili byggir þannig á því að afritun og notkun á viðskiptamannakerfum sóknaraðila sé ekki stjórnarathöfn í skilningi 2. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990.

Brot varnaraðila á lögvörðum réttindum sóknaraðila

Sóknaraðili byggir í öðru lagi á því að varnaraðili brjóti með ólögmætum hætti gegn lögvörðum réttindum sóknaraðila með því að hafa, án leyfis sóknaraðila, yfirráð yfir ólögmætum afritum af vernduðu höfundaverki sóknaraðila, þ.e.a.s. þeirra viðskiptamannakerfa sem nefnd hafa verið *Applicon kröfukerfi*, *Applicon laun*, *Applicon veiðiferðalausn* og *Applicon bankatengingar*, sem og frumkóðum kerfanna.

Viðskiptamannakerfi sóknaraðila njóti verndar samkvæmt höfundalögum nr. 73/1972, sbr. 4. mgr. sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Öll viðskiptamannakerfin feli í sér hugbúnað sem starfsmenn sóknaraðila hafi unnið. Höfundaréttur að hugbúnaðinum sé eign sóknaraðila á grundvelli ráðningarsamninga sóknaraðila við starfsmenn sem og á grundvelli 42. gr. b höfundalaga nr. 73/1972. Í höfundarétti felist annars vegar einkaréttur til eintakagerðar og hins vegar einkaréttur til birtingar hins höfundaverndaða verks. Þá séu hvers kyns breytingar á höfundaverkum óheimilar án samþykkis höfundar.

Sóknaraðili telur að Seðlabanki Íslands hafi með ólögmætum hætti, og án þess að hafa til þess leyfi, afritað SAP-viðskiptahugbúnaðinn og notað hann til þess að skoða þau bókhaldsgögn sem haldlögð voru hjá Y hf. Með því að afrita SAP-viðskiptahugbúnaðinn hafi Seðlabanki Íslands jafnframt afritað viðskiptamannakerfi sóknaraðila, án þess að hafa til þess leyfi. Þar sem Seðlabanki Íslands hafi ekki aflað sér leyfis til umræddrar eintakagerðar teljist hún ólögmæt í skilningi 3. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Sú athöfn að brjóta sér leið inn í kerfin og komast þannig yfir frumkóða kerfis sóknaraðila feli einnig í sér breytingu á hugverki og brjóti gegn 5. og 42. gr. a höfundalaga nr. 73/1972.

Seðlabanki Íslands hafi afhent varnaraðila öll gögn málsins, þar á meðal afrit af viðskiptamannakerfum sóknaraðila og frumkóða þeirra. Notkun varnaraðila á viðskiptamannakerfum sóknaraðila og aðgangur að frumkóðum kerfanna brjóti jafnframt gegn áðurgreindum ákvæðum höfundalaga. Þá sé yfirvofandi hætta á að varnaraðili brjóti gegn einkarétti sóknaraðila, með afritun á kerfunum, birtingu eða nýtingu með öðrum hætti.

Engin tæknileg nauðsyn hafi verið á að afrita SAP-viðskiptahugbúnaðinn, þ. á m. viðskiptamannakerfi sóknaraðila, til þess að haldleggja bókhaldsgögn X hf. og tengdra féлага. Seðlabanka Íslands hafi verið í lófa lagið að virða höfundalög og afrita bókhaldsgögnin þannig að þau yrðu flutt yfir í hugbúnaðarkerfi sem

Seðlabanki Íslands hefði leyfi til þess að nota, en gögnin megi auðveldlega lesa í gegnum annan hugbúnað en SAP-viðskiptahugbúnaðinn, t.d. Microsoft Excel. Með sama hætti hafi varnaraðila verið í lófa lagið að taka á móti bókhaldsgögnunum frá Seðlabanka Íslands með því að afrita gögnin inn í annan hugbúnað.

Umræddar athafnir Seðlabanka Íslands og varnaraðila geti ekki verið byggðar á lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008. Þær geti ekki heldur fallið undir heimildir á grundvelli þeirra dómsúrskurða sem leitarheimildir Seðlabanka Íslands byggðust á. Engin undantekning þess efnis sé heldur gerð í höfundalögum nr. 73/1972. Með úrskurðunum hafi Seðlabanka Íslands hvorki verið veitt heimild til að taka afrit af SAP-viðskiptahugbúnaðinum, í heild eða hluta, né að nota þann hugbúnað með nokkrum hætti. Í úrskurðunum hafi enn síður verið kveðið á um heimild til að afrita eða brjótast inn í viðskiptahugbúnað sóknaraðila. Í úrskurðunum hafi Seðlabanka Íslands einungis verið heimilað að afrita gögn af „bókhaldskerfi SAP“.

Byrjuð eða yfirvofandi athöfn

Varnaraðili ráði yfir ólögætum eintökum af viðskiptakerfum sóknaraðila, þ. á m. aðgangi að frumkóðum kerfanna. Því sé um byrjaða athöfn að ræða. Svo lengi sem varnaraðili hafi aðgang að kerfum sóknaraðila og frumkóðum kerfanna sé yfirvofandi hætta á að frumkóðarnir verði nýttir og þeir komist í hendur þriðja aðila. Einnig sé hætta á því að kerfin verði afrituð, birt eða nýtt með öðrum hætti sem brjótí gegn einkarétti sóknaraðila.

Nauðsyn þess að sóknaraðili verði ekki látinn bíða dóms

Sóknaraðili hafi mikla hagsmuni af því að fá lögbann lagt við notkun og aðgangi varnaraðila að viðskiptamannakerfum sínum, m.a. þar sem varnaraðili hafi með aðgerðum sínum komist yfir frumkóða kerfanna, án leyfis. Auk þess sé ekkert því til fyrirstöðu að varnaraðili nýti sér frumkóða þessara kerfa eða afhendi þá þriðja aðila. Á meðan slíkt ástand vari sé sóknaraðili varnarlaus.

Það hafi skaðleg áhrif á orðspor sóknaraðila að geta ekki varið viðskiptamannakerfi sín gegn aðgangi óviðkomandi og geti leitt til verulegs tjóns fyrir hann. Verði lögbann ekki lagt á fari réttindi sóknaraðila forgörðum ef beðið verði dóms, enda sé notkun varnaraðila á hugbúnaðinum ólögæt og viðvarandi.

Varnaraðili eigi ekki mikla hagsmuni af því að verjast lögbanni enda sé aðgangur hans að viðskiptamannakerfum sóknaraðila, þ.m.t. frumkóðum þeirra, engan veginn nauðsynlegur til þess að hann geti skoðað hin haldlögðu gögn og haldið áfram rannsókn sinni. Því sé ekki til staðar stórfelldur munur á hagsmunum sóknaraðila á því að athöfn fari fram og varnaraðila af því að fyrirbyggja hana.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar einkum á lögum nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl., einkum 3. gr., 24. gr. og 31. gr., sem og IV. og V. kafla laganna. Þá byggir sóknaraðili á 86. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Þá styður sóknaraðili kröfur sínar við höfundalög nr. 73/1972, einkum I., III. og VII. kafla laganna. Auk þess vísar sóknaraðili til 1. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 102. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Krafa sóknaraðila um málskostnað byggist á 1. og 3. mgr. 129. gr. og 1. mgr. 130.

gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 91. gr. laga nr. 90/1989.

Málsástæður og lagarök varnaraðila

Aðalkrafa um frávisun málsins

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. gilda ákvæði 86. til 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför um lögbannsmál að öðru leyti en því sem kveðið er sérstaklega á um í V. kafla fyrrgreindu laganna. Það leiði af 2. mgr. 88. gr. laga nr. 90/1989 að kröfur verði ekki hafðar uppi í lögbannsmáli í andstöðu við fyrri úrlausn dómstóls um málefnið. Samkvæmt orðalagi sínu sé reglan óháð aðild að slíkum fyrri málum, nægilegt sé að málefnið sé hið sama.

Varnaraðili telur að í þessu máli sé í reynd um að ræða sama „málefni“ og leyst hafi verið úr með úrlausnum dómstóla í málum Hæstaréttar Íslands nr. 215/2012, 356/2012, 357/2012, 659/2013 og 206/2013. Dómstólar hafi þegar slegið föstu lögmæti afritunar og rannsóknar Seðlabanka Íslands á SAP-bókhaldskerfi X hf. og tengdra félaga í heild sinni.

Málsástæður sóknaraðila sem gangi gegn framangreindri afstöðu varnaraðila séu báðar haldlausar. Í fyrsta lagi verði framangreindar dómsúrlausnir ekki túlkaðar svo að í þeim felist einhver aðgreining á milli bókhaldskerfisins sjálfs og þeirra gagna sem það geymir. Engin slík aðgreining hafi verið gerð í dómunum sjálfum. Einnig sé fullljóst að gögnin sjálf verði aldrei rannsökuð á fullnægjandi hátt án þess að það sé gert innan þess bókhaldskerfis sem þau séu geymd í og ætlað sé til að vinna með þau. Gagnagrunnur þeirra bókhaldsgagna sem um ræðir sé samansettur af a.m.k. 70.539 töflum sem hver um sig hafi sérhæft hlutverk og virkni og séu frá nokkrum línunum og upp í tugþúsundir lína. Bókhaldskerfið sé sérhæft forrit sem sérstaklega sé ætlað til að lesa og vinna með þennan gagnagrunn með því t.d. að sækja yfirlit með samandregnum eða samtengdum upplýsingum úr töflunum sem hann geymir. Engu breyti þó svo tæknilega væri hugsanlegt að nota önnur forrit til að opna einstakar töflur. Staðhæfingar sóknaraðila þar um séu raunar órökstuddar og taki ekkert tillit til edlis gagnanna né til þess að rannsókn á gögnunum í heild geti orðið fullnægjandi. Bókhaldskerfið sjálft sé nauðsynlegt til að bókhaldsgögnin verði skoðuð óbjöguð í réttu samhengi og til að fram geti farið að öðru leyti fullnægjandi rannsókn á þeim.

Í öðru lagi telur varnaraðili að málsástæður sóknaraðila um höfundaréttindi hans að SAP-tölvukerfinu og ætluð brot eða yfirvofandi brot Seðlabanka Íslands og varnaraðila gegn þeim bæti í reynd engu við það málefni varðandi afritun og rannsókn á bókhaldsgögnum X hf. og tengdra félaga í bókhaldskerfinu SAP sem dómstólar hafi þegar leyst úr og talið lögmæta. Höfundaréttur sóknaraðila að bókhaldskerfinu hafi verið og sé samur eftir sem áður og hafi hvorki verið né muni verða raskað við rannsókn málsins. Dómsúrlausnir sem hér skipti máli greini ekki á milli bókhaldskerfisins og bókhaldsgagnanna. Varnaraðili mótmæli túlkun sóknaraðila á heimild Seðlabankans samkvæmt haldlagningarúrskurðunum. Varnaraðila finnst ansi langt seilst með staðhæfingum um að vörslur lögreglu á bókhaldskerfinu með þeim gögnum sem það geymir feli á einhvern hátt í sér

yfirvofandi hættu á réttarspjöllum fyrir sóknaraðila með afhendingu til þriðja aðila, afritun, birtingu eða nýtingu gegn einkarétti sóknaraðila, enda megi telja ljóst að lögregla fari undir engum kringumstæðum þannig með gögn í sakamáli. Varnaraðili hafi hrakið staðhæfingar sóknaraðila um að Seðlabanki Íslands hafi komist yfir frumkóða bókhaldskerfisins og að varnaraðili búi nú yfir þeim.

Á fyrstu mánuðum rannsóknar Seðlabanka Íslands á umræddu máli hafi sóknaraðili ítrekað veitt Seðlabanka Íslands sérstaka aðstoð við notkun á SAP-bókhaldskerfinu og aldrei gert neinar athugasemdir við heimild Seðlabankans til að vinna með kerfið. Ásakanir sóknaraðila um höfundaréttarbrot verði harla ósannfærandi í þessu ljósi. Sóknaraðili hafi gert Seðlabanka Íslands þrjá reikninga, dagsetta 30. apríl, 31. maí og 31. júlí 2013, samtals að fjárhæð 132.723 krónur. Reikningarnir beri skýrlega með sér að þeir séu fyrir ráðgjöf vegna SAP-bókhaldskerfisins vegna starfa gjaldeyriseftirlits bankans. Ráðgjöfin hafi verið veitt vegna sömu rannsóknar Seðlabanka Íslands og hér um ræðir.

Samkvæmt framangreindu telur varnaraðili að lögbannskrafa sóknaraðila sé í andstöðu við fyrri úrlausnir dómstóla um sama málefni. Því sé þess krafist að kröfum sóknaraðila verði vísað frá dómi, með vísan til 2. mgr. 88. gr. laga nr. 90/1989, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990.

Varakrafa um staðfestingu ákvörðunar sýslumannsins í Reykjavík

Um varakröfu sína vísar varnaraðili til sömu forsendna og lágu til grundvallar ákvörðun sýslumanns, þ.e. að 2. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 girði fyrir að lögbann verði lagt á.

Túlkun sóknaraðila á hugtakinu „stjórnarathöfn“ sé ótæk og stríði bæði gegn orðskýringu ákvæðisins sjálfs sem og öðrum athugasemdum í frumvarpi sem varð að lögum nr. 31/1990. Hugtakið „stjórnarathöfn“ í ákvæðinu sé í fyrsta lagi mjög rúmt eitt og sér samkvæmt almennum málskilningi. Í öðru lagi segi einnig í umræddum athugasemdum að „lögbann verði aðeins lagt við athöfn þeirra sem fara með framkvæmdarvald ríkis eða sveitarfélags ef athöfnin varðar meðferð einstaklingsréttinda eða er í þágu einstaks manns“ og að lögbann komi „aðeins til álita þegar um athafnir hins opinbera er að ræða á vettvangi einkaréttar“.

Stjórnarathöfnin sem hér um ræðir sé sakamálarannsókn varnaraðila á því máli sem gögnin séu hluti af og sé ekki tækt að þrengja eða smætta það niður eins og sóknaraðili leitist við að gera. Varla verði lengra komist frá vettvangi einkaréttar en við athafnir hins opinbera á sviði sakamálarannsókna. Miðað við kæruefni umrædds sakamáls verði ekki annað séð en að umrædd gögn séu lykilrannsóknargögn um ýmsa helstu þætti málsins. Viðleitni til að stöðva eða torvela fullnægjandi rannsókn lögreglu á þeim með lögbannskröfu sé bæði óréttmæt og fordæmalaus.

Sóknaraðili vilji láta svo heita að lögbannskrafan beinist eingöngu að notkun á hugbúnaði. Sú skýring sóknaraðila sé aftur reist á þeim staðhæfingum hans að annars vegar hafi heimild Seðlabanka Íslands til að afrita og athuga umrædd gögn verið einskorðuð við bókhaldsgögnin en ekki bókhaldskerfið SAP og hins vegar að notkun á bókhaldskerfinu sé ekki nauðsynleg til að rannsaka bókhaldsgögnin. Varnaraðili hafi áður hrakið þessar staðhæfingar sóknaraðila.

Með vísan til framangreinds beri að staðfesta ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík um að synja lögbanni með vísan til 2. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990.

Málskostnaðarkrafa

Málskostnaðarkrafa varnaraðila styðst við 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 1. mgr. 91. gr. laga nr. 89/1990, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990.

Sóknaraðili sé ekki aðili að neinu sakamáli hjá varnaraðila. Sóknaraðili setji fram lögbannskröfu sína alfarið að eigin frumkvæði á grundvelli einkaréttarlegra lagaákvæða sem hann telji eiga við. Hvað sem líði forsendum varnaraðila fyrir því að kröfu sóknaraðila beri að vísa frá dómi eða hafna liggi fyrir að sóknaraðili hafi efnt til málarekstursins á grundvelli þeirrar afstöðu sinnar að um einkaréttarlegan ágreining sé að ræða. Engin rök standi því til annars en að sóknaraðila verði eftir almennum reglum gert að greiða varnaraðila málskostnað tapi hann málinu. Gagnstæð niðurstaða væri ótæk vegna þess að þar með stæði opin leið fyrir hvern sem er til að efna til málarekstur á hendur lögreglu án þess að taka um leið áhættu á því að baka sér kostnað af því að tapa slíku máli. Ekki verði ætlast til þess af lögreglu fremur en öðrum að hún bregðist ekki við og verjist slíkum málatilbúnaði á hendur sér. Einnig sé ófært að líta svo á að viðbrögð og varnir lögreglu við svona málatilbúnaði feli ekki í sér neinn eiginlegan kostnað þar sem hún þurfi að kosta til alveg sama tíma, vinnu og mannafla í slíkt og aðrir.

Lagt sé í mat dómsins að ákveða fjárhæð málskostnaðar sóknaraðila til varnaraðila, verði hann dæmdur.

Niðurstaða

I

Varnaraðili byggir í fyrsta lagi á því að vísa eigi þessu máli frá dómi, með vísan til 2. mgr. 88. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990 gilda ákvæði 86. til 91. gr. laga nr. 90/1989 um meðferð mála samkvæmt V. kafla laganna, sem fjallar um meðferð mála fyrir héraðsdómi til úrlausnar ágreinings um undirbúning, framkvæmd eða endurupptöku gerðar. Fram kemur í 2. mgr. 88. gr. laga nr. 90/1989 að kröfur verði ekki hafðar uppi í máli samkvæmt 14. kafla laganna í andstöðu við fyrri úrlausn dómstóls um málefnið.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt orðalagi sínu gildi reglan óháð aðild að slíkum fyrri málum. Í athugasemdum við 88. gr. frumvarps sem varð að lögum nr. 90/1989 segir að regla málsgreinarinnar sé sama efnis og 2. mgr. 83. gr. og eigi athugasemdir um það ákvæði því við hér. Í athugasemdum við 2. mgr. 83. gr. segir að reglan sé í samræmi við reglu 1. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 39. gr. aðfararlaga og almennar reglur réttarfars um heimildir dómstóls til að endurmeta úrlausn hliðsetts dómstóls.

Fram kemur í 1. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 að almennum reglum um meðferð einkamála í héraði skuli annars beitt um mál samkvæmt 14. kafla, eftir því sem við getur átt. Samkvæmt 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra, sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Í 2. mgr. sömu greinar segir að krafa sem hefur verið dæmd að efni til verði ekki borin aftur undir sama eða hliðsettan dómstól framur en segir í lögnum og skuli nýju máli um slíka kröfu vísað frá dómi. Í þessum ákvæðum 116. gr. laga nr. 91/1991 kemur fram meginregla íslensks einkamálaréttarfars um bindandi áhrif dóma, svonefnd res judicata áhrif. Samkvæmt þessari meginreglu verður sama málefni milli sömu aðila aðeins borið einu sinni undir dómstóla.

Túlka verður 2. mgr. 88. gr. laga nr. 90/1989 í samræmi við meginregluna um res judicata áhrif á þann veg að hún girði aðeins fyrir að sömu aðilar hafi uppi kröfur um sama málefni í máli samkvæmt 14. kafla laganna. Sóknaraðili var ekki aðili að neinu þeirra mála sem X hf. og tengd félög hafa höfðað og sem að framan eru rakin. Verður málinu því ekki vísað frá dómi á grundvelli 2. mgr. 88. gr. laga nr. 90/1989. Þá verður ekki séð að neinir gallar séu á málalíbúnaði sóknaraðila sem varði frávísun. Er kröfu varnaraðila um frávísun málsins því hafnað.

II

Aðila máls greinir á um það hvort sú athöfn varnaraðila sem sóknaraðili krefst að lögbann verði lagt á sé stjórnarathöfn. Samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 verður lögbann ekki lagt við stjórnarathöfn þess sem fer með framkvæmdarvald ríkis eða sveitarfélags. Í athugasemdum við 24. gr. frumvarps sem varð að lögum nr. 31/1990 segir m.a. að með orðalagi frumvarpsins um þetta atriði sé miðað við að lögbann verði ekki lagt við töku stjórnvaldsákvörðunar eða við framkvæmd hennar, heldur komi lögbann aðeins til álita þegar um athafnir hins opinbera sé að ræða á vettvangi einkaréttar. Slíkar athafnir gætu einkum tengst mannvirkjagerð hins opinbera eða atvinnustarfsemi þess, hvort sem hún sé rekin í samkeppni við einkafyrirtæki eða í skjóli einkaréttar.

Þetta mál á rætur að rekja til rannsóknar varnaraðila á ætluðum brotum X hf. og tengdra félaga á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál og reglum samkvæmt þeim. Sú rannsókn stendur enn yfir. Rannsókn lögreglu á ætlaðri refsiverðri háttsemi er ekki stjórnvaldsákvörðun, enda felur slík rannsókn ekki í sér einhliða ákvörðun sem tekin er í skjóli stjórnvaldsákvörðunar um rétt og/eða skyldu tiltekins aðila í ákveðnu og fyrirbyggjandi máli. Þótt í athugasemdum við 2. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 sé einungis minnst á stjórnvaldsákvörðunir kemur þar einnig fram að lögbann komi aðeins til álita þegar um athafnir hins opinbera sé að ræða á vettvangi einkaréttar. Því verður ekki fallist á það með sóknaraðila að skýra beri 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 þannig að ákvæðið taki einungis til þess að lögbann verði ekki lagt við töku stjórnvaldsákvörðunar. Rannsókn lögreglu á ætlaðri refsiverðri háttsemi er allsherjarréttarlegs eðlis en ekki einkaréttarlegs eðlis. Lögbann verður því ekki lagt við lögglurannsókn.

Kemur þá til skoðunar hvort notkun varnaraðila á viðskiptamannakerfum sóknaraðila teljist vera athöfn einkaréttarlegs eðlis, eða hluti af fyrrnefndri rannsókn varnaraðila. Um það ber sóknaraðili sönnunarbyrði samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990. Rannsókn varnaraðila hófst þegar hann tók á móti kæru Seðlabanka Íslands 9. september sl. Áður hafði Seðlabanka Íslands með úrskurði verið veitt heimild til húsleitar og haldlagningar muna og gagna m.a. hjá Y hf. Heimild Seðlabankans var byggð á 4. mgr. 15. gr. e laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, sem heimilar honum „að gera sérstakar athuganir og leggja hald á gögn í samræmi við ákvæði laga um meðferð sakamála [...]“ og skal beita ákvæðum laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála við framkvæmd slíkra aðgerða. Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 68. gr. laga nr. 88/2008 mælir fyrir um að leggja skuli hald á muni, þar á meðal skjöl, ef ætla megi að þeir, ellegar hlutir eða upplýsingar sem þeir hafa að geyma, hafi sönnunargildi í sakamáli, að þeirra hafi verið aflað á refsiverðan hátt eða að þeir kunni að verða gerðir upptækir. Í 2. mgr. sömu greinar segir að sé þess kostur að tryggja sönnun í því skyni sem í 1. mgr. segir án þess að leggja þurfi hald á mun skuli þess í stað beina því til eiganda eða vörsluhafa munarins að veita aðgang að honum eða láta í té upplýsingar, sem hann hefur að geyma, svo sem með því að afhenda afrit af skjali eða annars konar upplýsingum. Í athugasemdum við 68. gr. frumvarps sem varð að lögum nr. 88/2008 segir m.a. um 1. mgr. að með tilvísun til upplýsinga, sem munur hefur að geyma, sé til dæmis átt við tölvu. Um 2. mgr. segir m.a. að lögregla skuli, sé þess á annað borð kostur, beina því til eiganda eða vörslumanns munar að láta í té upplýsingar, sem hlutur hefur að geyma, t.d. með því að afhenda endurrit af rafrænum upplýsingum úr tölvu. Ekki er nánar skýrt í athugasemdunum hvað átt sé við með rafrænum upplýsingum úr tölvu, en að mati dómsins verður að skýra ákvæðið þannig að það taki einnig til hugbúnaðar sem upplýsingar eru færðar í. Samkvæmt framansögðu er lagaheimild fyrir því að afrita bæði upplýsingar og þann hugbúnað sem upplýsingarnar eru færðar í. Að mati dómsins felur 68. gr. laga nr. 88/2008 jafnframt í sér sérreglu sem gengur framur 3. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

Í dómi Hæstaréttar 30. október 2012 í máli nr. 659/2012, sem staðfesti úrskurð héraðsdóms með vísan til forsendna hans, var því slegið föstu að heimild Seðlabanka Íslands samkvæmt úrskurði héraðsdóms í máli réttarins nr. 215/2012 hefði náð til þess að „afrita bókhaldskerfið í heild [...]“. Þessi dómur hefur skýrt fordæmisgildi í þessu máli. Tilvitnuð orð verða vart túlkuð á annan veg en að Seðlabankinn hafi haft heimild til að afrita ekki einungis gögnin sem vistuð voru í bókhaldskerfinu, heldur einnig hugbúnaðinn sjálfan. Voru viðskiptamannakerfi sóknaraðila þar ekki undanskilin. Eru viðskiptamannakerfin þannig hluti þess hugbúnaðar sem var afhentur Seðlabankanum til haldlagningar. Af öllu þessu leiðir að afritun hugbúnaðarins, þ. á m. viðskiptamannakerfa sóknaraðila, og notkun varnaraðila á honum telst vera hluti af rannsókn varnaraðila og þar með stjórnarathöfn í skilningi 2. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990. Samkvæmt ofangreindu brýtur notkun varnaraðila ekki gegn einkarétti sóknaraðila til eintakagerðar samkvæmt 3. gr. laga nr. 73/1972. Verður lögbann því ekki lagt við notkun varnaraðila á ofangreindum viðskiptamannakerfum sóknaraðila.

Af málatilbúnaði aðila verður ráðið að ekki er tæknilega útilokað að skoða umrædd bókhaldsgögn í öðrum hugbúnaði en SAP-bókhaldskerfinu og viðskiptamannakerfum sóknaraðila. Hins vegar hefur varnaraðili staðhæft að umræddur gagnagrunnur samanstandi af yfir 70.000 töflum sem hver um sig hafi

sérhæft hlutverk og virkni og séu frá nokkrum línunum og upp í tugþúsundir lína. Varnaraðili hefur rökstutt að bókhaldskerfið sjálf sé nauðsynlegt til að bókhaldsgögnin verði skoðuð óbjöguð í réttu samhengi og til að fram geti farið að öðru leyti fullnægjandi rannsókn á þeim. Sóknaraðili hefur ekki leitast við að hnekkja þessum staðhæfingum varnaraðila með gögnum og er því ósannað að hægt sé að rannsaka umrædd bókhaldsgögn með fullnægjandi hætti með því að nota annan hugbúnað. Þykir varnaraðili því ekki hafa gengið lengra með notkun hugbúnaðarins en nauðsyn krafði.

Varnaraðili hefur hafnað málalíbúnaði sóknaraðila um að starfsmenn Seðlabanka Íslands hafi „hakkað“ SAP-bókhaldskerfið og lýst því hvernig hann telur að Seðlabankinn hafi fengið ótakmarkaðan aðgang að kerfinu. Gegn andmælum varnaraðila er þessi málsástæða sóknaraðila því ósönnuð.

Verður því að hafna dómkröfum sóknaraðila og staðfesta ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík, frá 20. ágúst sl., um að synja beiðni sóknaraðila um lögbann í máli nr. L-18/2013.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 1. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990, verður sóknaraðili úrskurðaður til að greiða varnaraðila málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 250.000 krónur.

Ásbjörn Jónasson, settur héraðsdómari, kveður upp þennan úrskurð.

Úrskurðarorð:

Kröfu varnaraðila, embættis sérstaks saksóknara, um að þessu máli verði vísað frá dómi, er hafnað.

Staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík, frá 20. ágúst 2013, um að synja beiðni sóknaraðila, Applicon ehf., um lögbann í máli nr. L-18/2013.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 250.000 krónur í málskostnað.

Ásbjörn Jónasson